

**Ed.**

**139. Frumvarp til laga**

**[106. mál]**

um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

**I. KAFLI**

**Dómsmálagjöld í einkamálum.**

**1. gr.**

Dómsmálagjöld skal greiða sem hér segir:

*A. Fyrir héraðsdómi:*

1. Stefna (áritun eða útgáfa) .....	kr. 10.00
2. Fyrirtekt máls (þingfesting, frestir og dómataka) .....	— 100.00
3. Úrskurður undir rekstri máls .....	— 25.00
4. Vitni leitt .....	— 15.00
5. Vitni gagnspurt .....	— 15.00
6. Dómkvaðning (fyrir hvern mann) .....	— 25.00
7. Staðfesting dómsgerða .....	— 20.00
8. Kærugjald samkvæmt 199. gr. einkamálalaganna .....	— 100.00
9. Sjóferðapróf .....	— 200.00

*B. Fyrir hæstarétti:*

1. Stefna .....	kr. 20.00
2. Fyrirtekt máls .....	— 200.00
3. Úrskurður .....	— 50.00
4. Vitni leitt .....	— 30.00
5. Vitni gagnspurt .....	— 30.00
6. Dómkvaðning (fyrir hvern mann) .....	— 50.00
7. Staðfesting dómsgerða .....	— 40.00
8. Útivistargjald (samkv. 54. gr. hæstaréttarlaga) .....	— 200.00

**2. gr.**

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum og í málum þeim, sem um ræðir í 24. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

**II. KAFLI**

**Gjöld fyrir fógetagerðir.**

**3. gr.**

Fyrir fjárnáms-, lögtaks-, löggeymslu- og kyrrsetningargerð, svo og lögbann, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi aðeins lausafé og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárréttindi, sem greinir í 3. kafla laga 4. nív. 1887, um aðför — skal greiða:

Þegar fjárhæðin er 1000 kr. eða minni 60 kr. og síðan 10 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund eða brot úr þúsundi af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.

4. gr.

Gjald fyrir aðrar fógætaðir skal greiða sem hér segir:

1. Kyrrsetning á manni .....	kr. 100.00
Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 3. gr.	
2. Útburður manns af jörð eða húsi .....	— 100.00
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða .....	— 100.00
4. Aðrar fógætaðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs .....	— 100.00

5. gr.

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir 3. gr., þegar féð með henni er laust látið, en eftir 4. gr., sé kyrrsetning manns með henni niður felld.

6. gr.

Nú er aðfarar beiðzt hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglesnum veðskuldabréfum, og skal þá gjaldið greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðzt eftir sama dómi, sátt eða veðskuldabréfi hjá fleirum en einum, skal gerð fara fram hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gerð. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameiningu, er fjárnám er gert í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, séu eigi allir á sama stað né í sama lögsagnarumdæmi.

7. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógæta það áður en hann byrjar gerðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi afturkræft, þótt gerðarbeiðnin sé kölluð aftur, eða fógæti synji um framgang gerðarinnar, nema svo sé, að hærra gjald hafi greitt verið fyrir fram fyrir gerðina en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

8. gr.

Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúp barni, foreldri sínu eða konu, er hann hefur slitið samvistum við eða skilið að borði og sæng eða að fullu, skal því aðeins greiða réttargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sé kröfu gerðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eftir ráðstöfun hins opinbera skal engin gjöld greiða.

### III. KAFLI

#### Skiptagjöld.

9. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða í skiptagjald 3% af öllum eignum búans, — þar með talin búshelpt maki —, án tillits til skulda, er á því hvíla.

Ekkert gjald skal þó greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema minna en 1000 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

10. gr.

Nú tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar, en framselur það á fyrsta skiptafundi erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða helming gjalds þess, er um ræðir í 9. gr.

11. gr.

Þá er skiptaráðendur eða skiptaforstjórar lúka skiptum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiptalok, og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sé rétt talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskipta, skal gjaldið greitt um leið og búið er afhent erfingjum.

12. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 50 kr.

IV. KAFLI

Gjöld fyrir uppboðsgerðir.

13. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð fasteignir, skip og flugvélar, svo og önnur fasteignaréttindi, samkvæmt II. kafla laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, skal greiða uppboðslaun sem hér segir:

Af fyrstu 100 000 kr. ....	3 %
Af fjárhæð yfir 100 000 kr. allt að 500 000 kr. ....	2 %
Af fjárhæð, sem er hærri en 500 000 kr. ....	1 %

14. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð önnur verðmæti en þau, er í II. kafla uppboðslaganna greinir, skal greiða 6%.

15. gr.

Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 25 kr.

16. gr.

Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 13. gr., en sala fer eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregzt, skal gjalda 100 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

17. gr.

Nú hefur uppboðs verið beiðzt hjá uppboðshaldara, og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 15. gr. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 100 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

18. gr.

Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 100 kr.

19. gr.

Fyrir undirboðsþing skal greiða 100 kr.

20. gr.

Fyrir uppboð á eftirlátnum munum þurfamanna og óskilafénaði í réttum skal ekkert gjald greiða.

## V. KAFLI

### Gjöld fyrir notarialgerðir.

#### 21. gr.

Fyrir vixilafsögn, sem notarius framkvæmir, skal greiða:

Þegar fjárhæðin er 1000 kr. eða minni, 30 kr., og síðan 5 kr. hærra fyrir hvert þúsund, eða brot úr þúsundi, upp í 15000 kr., og er þá gjaldið 100 kr., enda hækkar ekki úr því.

#### 22. gr.

Fyrir aðrar notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Afsagnargerðir, aðrar en vixilafsagnir, svarkröfur, stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir ..... kr. 50.00
2. Notarialvottorð á samninga, arfleiðsluskrár, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga ..... — 50.00
3. Skipstjóramótmæli ..... — 100.00
4. Dráttur í happdrætti ..... — 200.00
5. Útdráttur skuldabréfa ..... — 100.00
6. Staðfesting eftirrita 5 kr. fyrir hverja síðu, þó eigi minna gjald en — 15.00

## VI. KAFLI

### Gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

#### 23. gr.

Fyrir að þinglesa skjöl, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni, 50 kr., og síðan 5 kr. fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem fram yfir er.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 100 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum, og skal þá meta verðmætið til peningaverðs.

Nú er árlegt afgangið áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð. Sé ártal tiltekið, skal afgangið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af afganginu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði, eða henni makaskipt gegn annarri eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á skjalið, svo að ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

Nú hefur embættismaður ákveðið stimpilskylda fjárhæð kaupsamnings eða afsals, og skal þá greiða þinglýsingargjald af þeirri upphæð.

#### 24. gr.

Fyrir að þinglesa skjöl, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða haft á fasteignum eða lausafé, skal gjalda 25 kr. Séu þess konar skjöl þinglesin við hæstarétt, skal gjalda 50 kr.

#### 25. gr.

Fyrir áritun um heinildarhrest o. fl., samkv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928, skal greiða 25 kr.

#### 26. gr.

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðmálaskráum um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni hvila, og skal hann gjalda fyrir það 25 kr.

27. gr.

Fyrir skjöl, er þinglesin eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða ofanrituð gjöld í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

28. gr.

Fyrir þinglestur á skjali, þar sem ríkissjóði er sett veð fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Eigi greiðist heldur gjald fyrir þinglestur úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis, né fyrir aflýsingu slíkra úrskurða.

VII. KAFLI

Gjöld fyrir leyfisbréf, skírteini o. fl.

29. gr.

Leyfisgjald skal greiða sem hér segir:

1. Áfrýjunarleyfi .....	kr. 200.00
2. Nova-leyfi .....	— 200.00
3. Hjónavigslubréf .....	— 50.00
4. Önnur leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavigsluskilyrðum .....	— 100.00
5. Lögskilnaðarleyfi .....	— 200.00
6. Ættleiðingarleyfi .....	— 100.00
7. Leyfisbréf til heildsölu .....	— 10000.00
8. Leyfisbréf til umboðssölu .....	— 5000.00
9. Leyfisbréf til tilboðasöfnunar .....	— 2000.00
10. Leyfisbréf til smásölu .....	— 2000.00
11. Leyfisbréf til lausaverzlunar .....	— 2000.00
12. Leyfisbréf til gistihússhalds .....	— 2000.00
13. Veitingaleyfi .....	— 1000.00
14. Iðjuleyfi .....	— 1000.00
15. Einkaleyfi samkv. lögum nr. 12/1923:	
fyrir fyrstu 5 ár .....	— 1000.00
fyrir næstu 5 ár .....	— 3000.00
fyrir síðustu 5 ár .....	— 6000.00
16. Einkaleyfi á skipsnafni samkv. lögum nr. 17/1948 .....	— 1000.00
17. Leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti .....	— 3000.00
18. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi .....	— 300.00
19. Leyfi til að stunda almennar lækningar .....	— 300.00
20. Leyfi til að stunda sér-lækningar .....	— 1000.00
21. Önnur leyfisbréf, er valdsmenn eða stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum .....	— 100.00

30. gr.

Skírteinagjöld skal greiða sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda .....	kr. 100.00
2. Ökuskirteini bifreiðarstjóra .....	— 50.00
3. Ökuskirteini alþjóðlegt .....	— 100.00
4. Bifreiðarskirteini alþjóðlegt .....	— 100.00
5. Meistarabréf .....	— 500.00
6. Sveinsbréf .....	— 100.00
7. Formannsskirteini (6—15 rúml.) .....	— 25.00
8. Skipstjóraskirteini (allt að 30 rúml.) .....	— 50.00
9. Skipstjóraskirteini á fiskiskipi hið meira (af hvaða stærð sem er) ..	— 300.00
10. Skipstjóraskirteini á verzlunarskipi hið minna (allt að 400 rúml.) ..	— 300.00
11. Skipstjóraskirteini á verzlunarskipi hið meira (af hv. stærð sem er)	— 500.00

12. Skipstjóraskírteini á varðskipi hið minna (allt að 100 rúml.) . . . . .	kr. 200.00
13. Skipstjóraskírteini á varðskipi hið meira (af hvaða stærð sem er) ..	— 500.00
14. Stýrimannsskírteini á fiskiskipi hið meira (af hvaða stærð sem er)	— 150.00
15. Stýrimannsskírteini á verzlunarskipi hið minna (allt að 400 rúml.)	— 150.00
16. Stýrimannsskírteini á verzlunarskipi hið meira (af hv. stærð sem er)	— 300.00
17. Vélavarðarskírteini (mótorvél allt að 15 ha.) . . . . .	— 25.00
18. Vélstjóraskírteini (mótorvél allt að 50 ha.) . . . . .	— 25.00
19. Undirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 250 ha.) . . . . .	— 50.00
20. Undirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 600 ha.) . . . . .	— 150.00
21. Aðstoðarvélstjóraskírteini (mótorvél, ótakmarkað) . . . . .	— 150.00
22. Undirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 1300 ha.) . . . . .	— 250.00
23. Undirvélstjóraskírteini (mótorvél, ótakmarkað) . . . . .	— 300.00
24. Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 250 ha.) . . . . .	— 200.00
25. Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 600 ha.) . . . . .	— 250.00
26. Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 1300 ha.) . . . . .	— 300.00
27. Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél, ótakmarkað) . . . . .	— 400.00
28. Aðstoðarvélstjóraskírteini (eimvél, ótakmarkað) . . . . .	— 150.00
29. Undirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 600 ha.) . . . . .	— 150.00
30. Undirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 1200 ha.) . . . . .	— 250.00
31. Undirvélstjóraskírteini (eimvél, ótakmarkað) . . . . .	— 300.00
32. Yfirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 600 ha.) . . . . .	— 250.00
33. Yfirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 1200 ha.) . . . . .	— 300.00
34. Yfirvélstjóraskírteini (eimvél, ótakmarkað) . . . . .	— 400.00
35. Flugnemaskírteini . . . . .	— 25.00
36. Einkaflugmannsskírteini . . . . .	— 50.00
37. Atvinnuflugmannsskírteini hið minna . . . . .	— 150.00
38. Atvinnuflugmannsskírteini hið meira . . . . .	— 200.00
39. Flugstjóraskírteini . . . . .	— 300.00
40. Flugvélstjóraskírteini . . . . .	— 300.00
41. Flugleiðsögumannsskírteini . . . . .	— 300.00
42. Flugloftskeytamannsskírteini . . . . .	— 300.00
43. Flugumferðarstjóraskírteini . . . . .	— 400.00

31. gr.

Af veitingabréfum fyrir embættum og sýslunum í þarfir ríkisins greiðist gjald, er ákveðst eftir flokkun 1. gr. launalaganna, nr. 60 frá 1945, þannig:

Embætti í I. til IV. flokki . . . . .	kr. 500.00
Embætti í V. til VIII. flokki . . . . .	— 400.00
Embætti í IX. til XII. flokki . . . . .	— 300.00
Embætti í XIII. til XVI. flokki . . . . .	— 200.00

Ekkert gjald skal þó greiða fyrir nýtt veitingabréf, ef embættis- eða sýslunar- maður hefur áður greitt gjald af veitingabréfi í sama gjaldflokki og hið nýja er.

VIII. KAFLI

Gjöld fyrir skrásetningar.

32. gr.

Fyrir skrásetningar, sem lögboðnar eru og eigi ákveðið gjald fyrir í öðrum köflum þessara laga, skal greiða sem hér segir:

1. Skrásetning hlutafélags . . . . .	kr. 500.00
2. Skrásetning samvinnufélags . . . . .	— 500.00
3. Skrásetning útibús . . . . .	— 250.00
4. Skrásetning starfsstöðva erlendra félaga . . . . .	— 500.00

5. Skrásetning firma eins manns .....	kr. 300.00
6. Skrásetning firma tveggja manna eða fleiri .....	— 500.00
7. Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu .....	— 100.00
8. Tilkynning um prókúru — sérstök — .....	— 100.00
9. Afturköllun prókúru .....	— 50.00
10. Skrásetning vörumerkis .....	— 250.00
11. Skrásetning vörumerkis, endurnýjun .....	— 100.00
12. Skrásetning skips 30 smál. og stærri .....	— 200.00
13. Skrásetning skips undir 30 smál. ....	— 100.00
14. Skrásetning báts — opinn — .....	— 50.00
15. Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu skips (eigandaskipti, nafnbreyting o. fl.) .....	— 100.00
16. Skrásetning bifreiðar — nýskráning — .....	— 200.00
17. Skrásetning bifreiðar — endurskráning — .....	— 100.00
18. Skrásetning eigandaskipta að bifreið .....	— 200.00
19. Skrásetning dráttarvélar .....	— 25.00
20. Skrásetning flugvélar — atvinnu — .....	— 500.00
21. Skrásetning flugvélar — einka — .....	— 200.00
22. Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu flugvélar (eigandaskipti, nafnbreyting o. fl.) .....	— 200.00
23. Skrásetning skotvopns .....	— 25.00

## IX. KAFLI

### Ýmis gjöld.

#### 33. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipið á að fá hér á landi, skal greiða 3 kr. af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn, er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftari en sex sinnum á almanaksári.

#### 34. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 2 kr. af hverri nettósmálest skipsins á fyrstu höfn, er það tekur, þó eigi nema einu sinni á almanaksári. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Enn fremur skal, í hvert sinn er slíkt fiskiskip tekur höfn hér á landi síðar á árinu, greiða áritunargjald kr. 0.25 af nettósmálest, auk tollgæzlu- og sóttvarnargjalds.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að áritunargjald, samkv. síðustu málsgrein, skuli renna til hreppstjóra, ef hann afgreiðir skipið.

#### 35. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkv. heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

1. Löggilding manns um ævitið (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o. fl.) ..... kr. 500.00
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.) .... — 100.00

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

#### 36. gr.

1. Fyrir borgaralega hjónavigslu skal greiða ..... kr. 50.00
2. Fyrir löggildingu verzlunarbókar .....
3. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar ..... — 100.00
4. Fyrir útnefning matsmanna — fyrir hvern mann — ..... — 50.00
4. Fyrir útnefning matsmanna — fyrir hvern mann — ..... — 10.00

5. Fyrir vottorð, er einstakir menn æskja í þágu verzlunar eða atvinnu (vöruvottorð) ..... kr. 10.00
6. Fyrir sakavottorð gefin samkv. beiðni einstakra manna ..... — 15.00
7. Fyrir lögskráning skipshafnar — fyrir hvern mann — ..... — 2.00

37. gr.

Fyrir eftirrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða folíósíðu ..... kr. 5.00

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru 10 kr.

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarial-staðfestingum.

Þegar afrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir, skal greiða samlestrargjald 2 kr. af hverri síðu.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Innheimtu gjalda samkv. lögum þessum hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

39. gr.

Innheimtumanni ber, er hann afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók, er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram, skal innheimtumaður skrá við í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

40. gr.

Það varðar sektum eigi undir 500 kr. að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skipta við ákvörðun gjalds samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður, hvort ríkissjóður skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum, er hann varða.

42. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber mál.

43. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953. Jafnframt eru úr gildi numin þessi laga-ákvæði:

Lög um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna og bæjarfógeta, nr. 2/1894.

Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 27/1921.

Lög nr. 112/1935, 52. gr.

Lög nr. 85/1938, 2., 3., 10. og 11. gr.

Lög nr. 10/1928, 54. gr.

Lög nr. 62/1928, 2. gr., síðasta málsgr.

Lög nr. 34/1943, 16. gr., síðasta málsgr.

Lög nr. 41/1946, 18. gr., síðasta málsgr.

Lög nr. 120/1950, 30. gr., síðasta málsgr.



Lög nr. 61/1942, 11. og 16. gr.

Enn fremur er breytt ákvæðum eftirtaldrá laga, að því er gjöld til ríkissjóðs snertir:

Lög nr. 112/1935, 54. gr.

Lög nr. 85/1936, 199. gr.

Lög nr. 52/1925, 13. gr.

Lög nr. 21/1926, 13. gr.

Lög nr. 18/1927, 26. gr.

Lög nr. 12/1923, 7. gr.

Lög nr. 66/1946, 50. gr.

Lög nr. 77/1921, 60. gr.

Lög nr. 42/1903, 36. gr.

Lög nr. 43/1903, 3. gr.

Lög nr. 17/1948, 21. gr.

Lög nr. 33/1951, 13. gr.

Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

### Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér algerlega óbundna afstöðu til málsins. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem fjármálaráðherra skipaði til að endurskoða gildandi lagaákvæði um aukatekjur ríkissjóðs. Í nefndinni áttu sæti Jón Steingrímsson, sýslumaður, formaður, Júlíus Havsteen, bæjarfógeti, og Þorlákur Jónsson, stjórnarráðsfulltrúi. Ástæðan til nefndarskipunar þessarar var sú, að gagn-gerð endurskoðun hefur ekki farið fram á aukatekjulögum síðan þau voru sett árið 1921. Hafði ráðuneytinu borizt áskorun frá Félagi héraðsdómara um að láta endurskoða lög, auk þess sem það var álit endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins, að full þörf væri á slíkri endurskoðun.

Aukatekjur ríkissjóðs samkvæmt aukatekjulögum hafa verið innheimtar með viðaukum undanfarin ár. Auk þess hefur ákvæði um aukatekjur, sem ekki hafa verið innheimtar með álagi, verið að finna í dreifðum lagafyrirmælum, og þykir nauðsynlegt að sameina gjöld þessi í ein lög til að auðvelda innheimtuna og gera hana öruggari.

Þetta frumvarp er ekki fremur en frumvarpið um stimpilgjald flutt í tekjuöflunarskyni. Á hinn bóginn hafa föst gjöld samkvæmt aukatekjulögum hækkað óeðlilega lítið, ef miðað er við verðbreytingar, sem orðið hafa síðan 1921, og er því í frumvarpinu gert ráð fyrir nokkurri hækkun á fastagjöldum til samræmis við breytt verðlag, en á hinn bóginn nokkurri lækkun á hundraðsgjöldum, sem greidd eru af gjaldstofni, er hækkað hefur vegna vaxandi dýrtíðar, svo sem nánar er vikið að í greinargerð nefndarinnar. En frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð, ásamt skrá yfir aukatekjugjöld samkv. lögum nr. 27/1921 o. fl., gjaldskrá fjármálaráðuneytisins 1951, og frumvarpi til nýrra aukatekjulaga, sem prentuð er sem fylgiskjal hér á eftir.

#### *Greinargerð fyrir frumvarpi til laga um aukatekjur ríkissjóðs.*

Í lagafrumvarp þetta hefur nefndin tekið flest þau gjöld, er ákveðin voru í lögum nr. 27/1921. Þá hefur hún, eins og um getur í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um stimpilgjald, tekið inn í frumvarp þetta nokkur gjöld, sem áður voru aðeins stimpilgjöld. Enn fremur gjöld samkvæmt ýmsum lögum og reglugerðum, er talin hafa verið til aukatekjubókargjalda. Loks ný gjöld, er samkvæmt eðli sínu virðast eiga heima í aukatekjulögum.

Við breytingar þær, er nefndin hefur gert á upphæð gjaldanna, hefur hún ein- um haft hliðsjón af verðbreytingum þeim, sem orðið hafa í landinu, síðan síðustu

aukatekjulög voru sett 1921, fremur en upphæð þeirra nú, eftir þær hlutfallshækk-  
anir, er Alþingi hefur samþykkt. Hækkanir þessar eru lagðar jafnt á fastákvæðin  
gjöld og „prósentu“-gjöld og skapa því misræmi, þar sem gjaldstofn „prósentu“-  
gjaldanna hefur hækkað með hækkandi verðlagi.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að fastagjöld hækki allverulega, en  
„prósentu“-gjöldin lækki.

Greinargerð þessari fylgir skrá yfir gjöldin:

1. Eins og þau voru samkv. aukatekjulögum 1921 og öðrum lögum, er um það  
leyti voru í gildi.
2. Eins og þau eru nú samkv. gjaldskrá fjármálaráðuneytisins 1951.
3. Eins og þau verða eftir frumvarpi nefndarinnar.

Um einstaka kafla frumvarpsins tekur nefndin fram:

#### I. kafli.

Þessi kafli er í tveim greinum í stað 13 áður, og eru gjöldin talin í röð í 1. gr.  
Þessar eru helztar breytingar:

1. Fyrir utanréttarstefnur skal greiða sama gjald og réttarstefnur.
2. Gjald fyrir þingfestingafresti og dómtöku er sameinað í eitt gjald.
3. Eiðfesting vitna og matsmanna er gjaldfrjáls.
4. Er dómkvaðning fer fram, skal eigi greiða fyrirtektargjald.
5. Kærugjald samkv. 199. gr. einkamála-laganna er tekið upp í greinina.
6. Gjald fyrir sjóferðapróf er tekið upp í greinina.
7. Felld eru niður þessi ákvæði gildandi laga: 7. gr. um, að hálf gjald skuli greiða  
í málum undir 100 kr., 9. gr. um 4 kr. gjald í hjúamálum, svo og 10. og 13. gr.  
Dómsmálagjöld fyrir hæstarétti eru tekin upp í 1. gr. og ákvæðin helmingi  
hærri en gjöld fyrir héraðsdómi.

#### II. kafli.

Helztu breytingar eru þessar:

1. Í stað stighækkandi gjalda fyrir gerðir allt að 1000 kr. fjárhæð er ákveðið  
frumgjald 60 kr.
2. Felld eru niður ákvæði 18., 20. og 21. gr., — og 23. gr. um hjúamál.

#### III. kafli.

Helztu breytingar eru þessar:

1. Skiptagjald er lækkað úr 4.8% í 3%. Jafnframt er tekið fram, að búshelft maka  
teljist til búseignar.
2. Lágmark eignar, er greiða skal skiptagjald af, er hækkað úr 100 kr. í 1000 kr.
3. Lækkun skiptagjalds, vegna framsals bú til erfingja, kemur því aðeins til  
greina, að bú sé framselt á fyrsta skiptafundi, og greiðist þá hálf gjald.
4. Þegar bú er framselt til erfingjaskipta, skal gjaldið greitt um leið og búið er  
afhent.

#### IV. kafli.

Þegar greint er milli gjalda af uppboðum á fasteign og lausafé, er skilgreining  
II. og III. kafla laga um nauðungaruppboð látn ráða mörkum, þannig að gjöld af  
uppboðum samkv. II. kafla laganna reiknast eftir 13. gr., en III. kafla eftir 14. gr.

Aðrar helztu breytingar eru þessar:

1. Fjárhæðir þær, sem gjöld samkv. 13. gr. miðast við, breytast þannig:  
Í stað „10 þús. kr.“ koma: 100 þús. kr.  
Í stað „10 þús. til 100 þús. kr.“ koma: 100 þús. til 500 þús. kr.  
Í stað „100 þús. kr.“ koma: 500 þús. kr.

2. Afnumið er ákvæði um, að gjaldfrjáls skuli sala verðbréfa, er Landsbankinn lætur starfsmenn sína bjóða upp. Þá er nýmæli, að gjaldfrjálst skuli uppboð á óskilafénaði í réttum.
3. Felld eru niður ákvæði síðustu málsgr. 36. gr., 37. gr., 1. og 2. málsgr. 38. gr., 2. málsgr. 39. gr., 41. gr., 44. gr., nema upphafssetning, og 45. gr.  
Þegar fasteign er lögð út í fógetarétti, skal gjald taka samkv. 4. lið 4. gr., en lígi 16. gr.

#### V. kafli.

Helztu breytingar eru þessar:

1. Minnsta gjald fyrir víxilafsögn er 30 kr., en hæsta 100 kr., og er þá fjárhæðin 15 þús. kr.
2. Sérstakt gjald er ákveðið fyrir útdrátt skuldabréfa og drátt í happdrætti.
3. Felld eru niður ákvæði síðustu málsgr. 46. gr., síðari málsgr. 47. gr.

#### VI. kafli.

Helztu breytingar eru þessar:

1. Í stað stighækkandi gjalda upp í 1000 kr. gjaldstofn er ákveðið lægsta gjald 50 kr., og er þá gjaldstofn 5000 kr.
2. Afnumið er ákvæði um, að árlegt afgangsgjald um ævitið fimmfaldist.
3. Þinglestrargjald skal tekið af sama gjaldstofni, og stimpilgjald, er embættismaður hefur ákveðið stimpilskylda fjárhæð.
4. Stighækkandi gjald fyrir athugasemd á þinglestrarskjali er afnumið, en fast gjald sett í staðinn. Gjald fyrir að afmá slíka athugasemd fellur niður.
5. Gjald fyrir aflýsingar samkv. 27. gr. er fellt niður og telst innifalið í þinglestrargjaldinu.
6. Heimild Landsbankans og annarra lánsstofnana til að krefjast gjaldfrjálsra veðbókarvottorða er afnumin.
7. Ákvæði um hálfþingalestrargjald fyrir endurtekinn þinglestur innan sama lög-sagnarumdæmis er fellt niður.

#### VII. kafli.

Þessi kafli, sem er í þremur greinum, er nýr. Gjöld samkv. honum eru sum ný, nokkur tekin úr aukatekjulögum frá 1921, og enn önnur tekin úr öðrum lögum og reglugerðum.

Um heimildir vill nefndin taka fram:

#### 29. gr.

- Tölul. 1—6. Dómsmálaráðuneytið veitir þessi leyfi samkv. ýmsum heimildum.  
 Tölul. 7—11. Lög nr. 52/1925, um verzlunaratvinnu.  
 Tölul. 12—13. Lög nr. 21/1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.  
 Tölul. 14. Lög nr. 18/1927, um iðju og iðnað.  
 Tölul. 15. Lög nr. 12/1923, um einkaleyfi.  
 Tölul. 16. Lög nr. 17/1948, um skráningu skipa.  
 Tölul. 17—18. Lög nr. 61/1942, um málflytjendur.  
 Tölul. 19—21. Nýmæli (áður aðeins stimpilgjald).

#### 30. gr.

- Tölul. 1. Lög nr. 27/1921, um aukatekjur ríkissjóðs, 51. gr.  
 Tölul. 2. Lög, ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.  
 Tölul. 3—4. Nýmæli.  
 Tölul. 5. Lög nr. 18/1927, um iðju og iðnað.  
 Tölul. 6. Lög nr. 27/1921, um aukatekjur ríkissjóðs, 52. gr.

Tölul. 7—34. Lög nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar.  
Tölul. 35—43. Nýmæli (áður aðeins stimpilgjald).

### 31. gr.

Nýmæli (áður stimpilgjald).

### VIII. kafli.

Þessi kafli er einnig nýr, og er hið sama um gjöldin að segja og gjöld samkvæmt VII. kafla.

Um heimildir tekur nefndin fram:

Tölul. 1—4. Lög nr. 77/1921, um hlutafélög.

Tölul. 5—9. Lög nr. 42/1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Tölul. 10. Lög nr. 43/1903, um vörumerki.

Tölul. 11—14. Lög nr. 17/1948, um skráningu skipa. Gjaldi fyrir þjóðernis- og mælingaskírteini er breytt í skrásetningargjald.

Tölul. 15—16. Ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

Tölul. 17. Nýmæli. Þar sem ekkert stimpilgjald er af afsali fyrir bifreið, telur nefndin rétt að taka gjald þetta.

Tölul. 18. Lög nr. 33/1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Tölul. 19—22. Nýmæli.

### IX. kafli.

Gjöld samkv. þessum kafla eru yfirleitt tekin úr VII. kafla aukatekjulaganna. Ný gjöld eru í kaflanum og ákvæði um ritlaun.

Helztu breytingar eru:

1. Sérákvæði um dönsk fiskiskip eru felld niður.
2. Ákvæðið um áritunargjald erlendra fiskiskipa er tekið inn í frumvarpið, þó þannig að það skal eigi innheimt við fyrstu komu skips.
3. Fjármálaráðuneytinu er heimilað að ákveða, að áritunargjald renni til hreppstjóra, er innheimtir það.
4. Gjald fyrir löggildingu til starfs er nýmæli.
5. Gjald fyrir afskráningu er fellt niður. Telst innfalið í lögskráningargjaldinu.
6. Nefndin hefur fengið þær upplýsingar, að gjald fyrir vélritaða síðu á vélritunarstofum í Reykjavík sé kr. 7.50. Telur hún þá von til, að ríkissjóður verði eigi fyrir halla af vélritun í þágu einstaklinga, er hann selur vélritun síðu á 5 kr.

### X. kafli.

Helztu breytingar eru:

1. Tekið er upp í frumvarpið, hverjir skulu hafa á hendi innheimtu aukatekjugjalda. — Í stað þess að nú hafa ýmis ráðuneyti og ríkisstofnanir innheimtu gjalda fyrir leyfi og skírteini, er þau afgreiða, ætlazt nefndin til, að öll slík innheimta sé sameinuð í fjármálaráðuneytinu og færð í aukatekjubók þar, af starfsmanni, er ráðuneytið skipar til þess.
2. Nefndin ætlar til, að skráð sé í gerðabók gjald fyrir embættisgerð, og hvenær það er greitt, sé það eigi samtímis fært í aukatekjubók.
3. Fjármálaráðuneytinu er veitt sama heimild og í stimpillögum til að undanþiggja skjöl og gerðir, er ríkissjóð varða, aukatekjugjöldum.

Reykjavík, 29. sept. 1952.

Þorlákur Jónsson. Júl. Havsteen. Jón Steingrímsson.

## Fylgiskjal.

Skrá yfir aukatekjur samkv. lögum nr. 27/1921 o. fl., gjaldskrá fjármálaráðuneytisins 1951 og frumvarpi til nýrra aukatekjulaga.

### I. KAFLI Fyrir héraðsdómi.

	Nr. 27/1921 og önnur ákvæði kr.	Gjaldskrá 1951 kr.	Frum- varpið kr.
1. Stefna .....	2.00	4.80	10.00
2. Fyrirtekt máls (4 frestir) .....	20.00	48.00	100.00
3. Úrskurður .....	4.00	9.60	25.00
4. Vitni leitt .....	2.00	4.80	15.00
5. Vitni gagnspurt .....	2.00	4.80	15.00
6. Dómkvaðning .....	5.00	12.00	25.00
7. Staðfesting dómsgerða .....	3.00	7.20	20.00
8. Kærugjald .....	„	30.00	100.00
9. Sjóferðapróf .....	25.00	43.75	200.00

#### Fyrir hæstarétti, lög nr. 112/1935.

1. Stefna .....	5.00	5.00	20.00
2. Fyrirtekt máls .....	50.00	50.00	200.00
3. Úrskurður .....	10.00	10.00	50.00
4. Vitni leitt .....	„	„	30.00
5. Vitni gagnspurt .....	„	„	30.00
6. Dómkvaðning .....	15.00	15.00	50.00
7. Staðfesting dómsgerða .....	„	„	40.00
8. Útivistargjald .....	50.00	50.00	200.00

### II. KAFLI

1. Fjárnám o. fl. — frumgjald .....	14.00	33.60	60.00
Viðbót á hvert þúsund .....	2.00	4.80	10.00
2. Kyrrsetning á manni .....	20.00	48.00	100.00
3. Útburður eða innsetning .....	10.00	24.00	100.00
4. Aðrar fógetagerðir .....	10.00	24.00	100.00

### III. KAFLI

1. Skiptagjald .....	2%	4.8%	3%
2. Innköllun .....	8.00	19.20	50.00

### IV. KAFLI

1. Uppboðsgjald af fasteignum o. fl.:			
Af 1. gjaldflokki .....	2.5%	4.25%	3%
Af 2. gjaldflokki .....	1.75%	3%	2%
Af 3. gjaldflokki .....	1%	1.7%	1%
2. Uppboðsgjald af lausafé .....	5%	8.5%	6%
3. Uppboðsauglýsing .....	4.00	9.60	25.00
4. Árangurslaust uppboð .....	10.00	24.00	100.00
5. Uppboðsafsal .....	15.00	25.50	100.00

### V. KAFLI

	Nr. 27/1921 og önnur ákvæði kr.	Gjaldskrá 1951 kr.	Frum- varpið kr.
1. Vixilafsögn — frumgjald .....	6.50	15.60	30.00
Viðbót á þúsund .....	1.00	2.40	5.00
Hámarksgjald .....	15.50	37.20	100.00
2. Aðrar afsagnargerðir o. fl. ....	6.50	15.60	50.00
3. Notarial-vottorð .....	4.50	10.80	50.00
4. Skipstjóramótmæli .....	20.00	48.00	100.00
5. Dráttur í happdrætti .....	6.00	14.40	200.00
6. Útdráttur skuldabréfa .....	”	”	100.00
7. Staðfesting eftirrita, örsk .....	1.00	örsk 2.40	síða 5.00
Staðfesting eftirrita, stimpilgjald .....	0.50	1.20	”
Staðfesting eftirrita, lægsta gjald .....	”	”	15.00

### VI. KAFLI

1. Þinglýsing — frumgjald .....	7.00	16.80	50.00
Viðbót á þúsund .....	1.00	2.40	5.00
2. Aflýsing .....	3.50	8.40	”
3. Þinglýsing — án upphæðar .....	3.50	9.60	25.00
4. Þinglýsing — athugasemd .....	6.00	14.40	25.00
5. Veðbókarvottorð .....	3.50	8.40	25.00

### VII. KAFLI

1. Áfrýjunarleyfi .....	Dm. 47.33	113.60	200.00
2. Novaleyfi .....	— 47.33	113.60	200.00
3. Hjónavígslubréf .....	— 25.00	60.00	50.00
4. Önnur leyfisbréf .....	— 43.66	104.80	100.00
5. Lögskilnaðarleyfi .....	— 43.66	104.80	200.00
6. Ættleiðingarleyfi .....	— 43.66	104.80	100.00
7. Leyfisbréf til heildsölu .....	1925 1500.00	3600.00	10000.00
8. Leyfisbréf til umboðssölu .....	— 300.00	720.00	5000.00
9. Leyfisbréf til tilboðasöfnunar .....	— 300.00	720.00	2000.00
10. Leyfisbréf til smásöluverzlunar .....	— 300.00	720.00	2000.00
11. Leyfisbréf til lausaverzlunar .....	— 350.00	840.00	2000.00
12. Leyfisbréf til gistihússhalds .....	1926 210.00	504.00	2000.00
13. Veitingaleyfi .....	— 160.00	384.00	1000.00
14. Iðjuleyfi .....	1927 110.00	264.00	1000.00
15. Einkaleyfi, 1923:			
Fyrir fyrstu 5 ár .....	50.00	50.00	1000.00
Fyrir næstu 5 ár .....	300.00	300.00	3000.00
Fyrir síðustu 5 ár .....	600.00	600.00	6000.00
16. Einkaleyfi á skipsnafni .....	1948 ”	1000.00	1000.00
17. Leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti 1942 .....	”	1000.00	3000.00
18. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi — .....	”	100.00	300.00
19. Leyfi til að stunda almennar lækningar ....	10.00	24.00	300.00
20. Leyfi til að stunda sér-lækningar .....	10.00	24.00	1000.00
21. Önnur leyfisbréf .....	10.00	24.00	100.00
22. Vegabréf til útlanda .....	8.00	14.00	100.00
23. Ökuskirteini bifreiðarstjóra .....	5.00	20.00	50.00
24. Ökuskirteini bifreiðarstjóra, alþjóðlegt ....	”	”	100.00
25. Bifreiðaskirteini alþjóðlegt .....	”	”	100.00

	Nr. 27/1921 og önnur ákvæði kr.	Gjaldskrá 1951 kr.	Frum- varpið kr.
26. Meistarabréf (1927) .....	60.00	74.00	500.00
27. Sveinsbréf .....	9.00	18.10	100.00
28. Formannsskírteini .....	2.00	2.00	50.00
29. Skipstjóraskírteini, allt að 30 smál. ....	15.00	29.00	50.00
30. Skipstjóraskírteini á fiskiskipi hið meira ..	30.00	44.00	300.00
31. Skipstjóraskirt. á verzlunarskipi hið minna	30.00	44.00	300.00
32. Skipstjóraskírteini á verzlunarskipi hið meira	30.00	54.00	500.00
33. Skipstjóraskírteini á varðskipi hið minna ..	30.00	44.00	200.00
34. Skipstjóraskírteini á varðskipi hið meira ..	30.00	54.00	500.00
35. Stýrimannsskírteini á fiskiskipi hið meira ..	15.00	22.00	150.00
36. Stýrimannsskírteini á verzl.skipi hið minna	15.00	22.00	150.00
37. Stýrimannsskírteini á verzl.skipi hið meira	15.00	27.00	300.00
38. Vélavarðarskírteini 15 ha. mótórvél .....	2.00	2.00	25.00
39. Vélstjóraskírteini 50 ha. mótórvél .....	10.00	17.00	50.00
40. Undirvélstjóraskírteini 250 ha. mótórvél ....	10.00	17.00	50.00
41. Undirvélstjóraskírteini 600 ha. mótórvél ..	10.00	17.00	150.00
42. Aðstoðarvélstjóraskírteini, mótórvél .....	15.00	22.00	150.00
43. Undirvélstjóraskírteini 1300 ha. mótórvél ..	20.00	27.00	250.00
44. Undirvélstjóraskírteini, ótakmarkað, mótórv.	20.00	27.00	300.00
45. Yfirvélstjóraskírteini 250 ha. mótórvél ....	15.00	27.00	200.00
46. Yfirvélstjóraskírteini 600 ha. mótórvél ....	15.00	22.00	250.00
47. Yfirvélstjóraskírteini 1300 ha. mótórvél ....	25.00	32.00	300.00
48. Yfirvélstjóraskírteini, ótakmarkað, mótórvél	25.00	32.00	400.00
49. Aðstoðarvélstjóraskírteini, eimvél .....	15.00	22.00	150.00
50. Undirvélstjóraskírteini 600 ha. eimvél .....	10.00	17.00	150.00
51. Undirvélstjóraskírteini 1200 ha. eimvél ....	20.00	27.00	250.00
52. Undirvélstjóraskírteini, ótakmarkað, eimvél	20.00	27.00	300.00
53. Yfirvélstjóraskírteini 600 ha. eimvél .....	15.00	22.00	250.00
54. Yfirvélstjóraskírteini 1200 ha. eimvél .....	25.00	32.00	300.00
55. Yfirvélstjóraskírteini, ótakmarkað, eimvél ..	25.00	32.00	400.00
56. Flugnemaskírteini .....	„	24.00	25.00
57. Einkaflugmannsskírteini .....	„	24.00	50.00
58. Atvinnuflugmannsskírteini minna .....	„	24.00	150.00
59. Atvinnuflugmannsskírteini meira .....	„	24.00	200.00
60. Flugstjóraskírteini .....	„	24.00	300.00
61. Flugvélstjóraskírteini .....	„	24.00	300.00
62. Flugleiðsögumannsskírteini .....	„	24.00	300.00
63. Flugloftskeytamannsskírteini .....	„	24.00	300.00
64. Flugumferðarstjóraskírteini .....	„	24.00	400.00
65. Veitingabréf fyrir embætti í I.—IV. fl. ....	10.00	24.00	500.00
66. Veitingabréf fyrir embætti í V.—VIII. fl. ....	10.00	24.00	400.00
67. Veitingabréf fyrir embætti í IX.—XII. fl. ..	10.00	24.00	300.00
68. Veitingabréf fyrir embætti í XIII.—XVI. fl.	10.00	24.00	200.00

#### VIII. KAFLI

1. Skrásetning hlutafélags .....	50.00	78.00	500.00
2. Skrásetning samvinnufélags .....	50.00	78.00	500.00
3. Skrásetning útibús .....	40.00	68.00	250.00
4. Skrásetning starfst. erl. fél. ....	40.00	68.00	500.00
5. Skrásetning firma eins manns (1903) .....	24.00	52.00	300.00
6. Skrásetning firma tveggja eða fleiri .....	28.00	56.00	500.00

	Nr. 27/1921 og önnur ákvæði kr.	Gjaldskrá 1951 kr.	Frum- varpið kr.
7. Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu .	20.00	27.00	100.00
8. Tilkynning um prókúru .....	9.00	16.00	100.00
9. Afturköllun prókúru .....	4.00	6.80	50.00
10. Skrásetning á vörumerki (1903) .....	40.00	40.00	250.00
11. Skrásetning skips (30 smál. og stærri) (1948)	„	60.00	200.00
12. Skrásetning skips (undir 30 smál.) (1948) ..	„	40.00	100.00
13. Skrásetning opins báts (1948) .....	„	10.00	50.00
14. Skrásetn. breyt. á eldri skrásetn. skips (1948)	„	300.00	100.00
15. Skrásetning bifreiðar (ný skráning) .....	„	100.00	200.00
16. Skrásetning bifreiðar (endurskráning) ....	„	100.00	100.00
17. Skrásetning eigandaskipta á bifreið .....	„	„	200.00
18. Skrásetning dráttarvélar (1949) .....	„	10.00	25.00
19. Skrásetning flugvélar — atvinnu — .....	„	„	500.00
20. Skrásetning flugvélar — einka — .....	„	„	200.00
21. Skrásetning breytingar eldri skrásetn. flugv.	„	„	200.00
22. Skrásetning skotvopns .....	„	„	25.00

#### IX. KAFLI

1. Afgreiðslugjald af verzlunarskipi, pr. smál.	1.00	2.18	3.00
2. Afgreiðslugjald af útlendu fiskisk., pr. smál.	0.50	1.13	2.00
3. Áritunargjald af útlendu fiskiskipi, pr. smál.	0.05	0.10	0.25
4. Löggilding manns ævitið .....	„	„	500.00
5. Löggilding manns óákveðinn tíma .....	„	„	100.00
6. Borgaraleg hjónavígsla .....	10.00	17.50	50.00
7. Löggilding verzlunarbókar .....	15.00	29.50	100.00
8. Löggilding leiðarbókar .....	8.00	14.00	50.00
9. Útnefning matsmanna — fyrir hvern mann	2.00	2.95	10.00
10. Vöruvottorð .....	2.00	3.50	10.00
11. Sakavottorð .....	2.00	4.80	15.00
12. Lögskráning, fyrir hvern mann .....	0.25	0.43	2.00
13. Afskráning, fyrir hvern mann .....	0.25	0.43	„
14. Ritlaun fyrir vélritaða folíósíðu .....	0.50	2.95	5.00
15. Útskrift — lægsta gjald — .....	„	8.55	10.00
16. Samlestrargjald .....	„	2.00	2.00